

Stofnanasamningur

Neytendastofu annars vegar og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hins vegar skv. 11. kafla kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 26. júlí 2001 með samkomulagi um breytingar dags. 18. mars 2005.

1. gr. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til félagsmanna í FÍN sem ráðnir eru til starfa hjá Neytendastofu og er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra frá 18. mars 2005.

2. gr. Markmið samningsaðila

Markmið samningsins er að útfæra tiltekna þætti kjarasamningsins, eins og getið er um í 11. kafla hans, til að styrkja starfsemi stofnunarinnar og skapa forsendur fyrir betri starfsskilyrðum. Sérstök markmið Neytendastofu með samningi þessum eru að launakerfi hennar stuðli:

- að því að markmiðum hennar um hagkvæmni í rekstri og árangursstjórnun verði náð
- að gefa stofnuninni tækifæri á að bæta og þróa starfsemi sína,
- að því að það sé markvisst notað sem stjórnþætti sem hvetur starfsmenn til að auka skilvirkni og hagræðingu hjá stofnuninni,
- að það hvetji starfsmenn til aðlögunar að síbreytilegu starfsumhverfi þannig að þeir nýti hæfni, sérþekkingu og reynslu til að hámarka árangur stofnunarinnar
- að rækta þau gildi að starf hjá stofnunni fari saman við heilsusamlegt líf og rækt við fjölskyldu- og einkalíf,
- að gefa starfsmönnum færi á þróun í starfi og símenntun henni tengdri.
- að forsendur launaákvæðana byggji á umbun fyrir árangur, viðræðum og endurgjöf um frammistöðu starfsmanna í starfi
- að starfsmenn taki virkan þátt og ábyrgð á eigin starfsþróun, þjálfun og færni í samræmi við þær kröfur sem starfið gerir
- að launakerfið sé gegnsætt og ákvarðanir um laun teknar með málefnalegum hætti

3. gr. Röðun starfa í launaflokka

3.1 Almennar forsendur.

Ákvörðun um röðun starfa í launaflokka tekur mið af þeim verkefnum- og skyldum sem í starfinu felast, menntun, þjálfun, starfsreynslu og færni sem þarf til að gegna starfinu. Röðun skal miðast við grunnverksvið í viðkomandi starfi og samþykktar starfslýsingar starfsmanna.

3.2 Skilgreining starfsheita

Launakerfi Neytendastofu byggir á eftirfarandi starfsheitum:

- Fulltrúi
- Sérfræðingur I
- Sérfræðingur II
- Sviðstjóri

Fulltrúi

Ósérhæfður starfsmaður sem tekur að sér verkefni undir umsjón sviðsstjóra og hefur ekki lokið viðurkenndu háskólaprófi.

Fulltrúa skal grunnraðað að lágmarki í launaflokk: 01.

Sérfræðingur I

Starfsmaður vinnur að sérhæfðum verkefnum undir umsjón sviðsstjóra, hann leysir sérhæfð verkefni.

Sérfræðingur I skal grunnraðað að lágmarki í launaflokk: 11

Sérfræðingur II

Starfsmaður vinnur að sérhæfðum verkefnum undir umsjón sviðsstjóra, leysir heildstætt sérhæfð verkefni sem honum eru falin á grundvelli reynslu, menntunar og annast umsjón samskipta við aðila innan sem utan stofnunarinnar. Hann getur borið ábyrgð á verkefni, stefnumótun þess og skipulagningu og getur annast verkefnisstjórn undir yfirumsjón sviðsstjóra.

Sérfræðingi II skal grunnraðað að lágmarki í launaflokk: 15

Sviðsstjóri

Starfsmaður sem hefur yfirumsjón með sérgreindu sviði Neytendastofu og annast þar verkstjórn, skipulagningu, gerð starfs- og rekstraráætlana og tekur þátt í stjórnunarteymi stofnunarinnar.

Sviðsstjóra skal grunnraðað að lágmarki í launaflokk: 22

4.gr. Þættir sem ráða röðun í launaflokka

Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við allar varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna vegna skipulagsbreytinga, starfsþróunar eða með hliðsjón af frammistöðumati og árlegu starfsmannasamtali. Mat á starf- og persónubundnum þáttum skal vera skriflegt og lokið fyrir 1. nóvember ár hvert.

4.1 Persónubundnir þættir.

Persónubundnir þættir eru menntun, starfsreynsla og hæfni og skal meta til launaflokkahækkunar. Þessir þættir koma til hækkunar á grunnröðun starfs og geta einungis breyst til hækkunar.

4.1.1 Menntun

Hér skal metin viðbótarmenntun sem nýtist í starfi, umfram 90 eininga háskólapróf. Til viðmiðunar skal hafa að 15 einingar skv. mati háskólanna eru grundvöllur til 1 launaflokks hækkunar þó aldrei fleiri en 2 launaflokkar. Meta skal iðnnám sem lokið er með prófi til starfsréttinda og sérhæfða starfsþjálfun sem fengin er með sí-og endurmenntun í réttu hlutfalli við mat á háskólanámi enda sé um menntun eða þjálfun að ræða sem nýtist í starfi, þó aldrei fleiri en 2 launaflokkar.

Meta skal háskólapróf sem nýtist í starfi þannig:

B.Sc. 120 e

Meistarapróf MA/MSc/MBA

Doktorspróf

grunnröðun + 2 launaflokkar

grunnröðun + 4 launaflokkar

grunnröðun + 6 launaflokkar

4.1.2 Starfsreynsla

Starfsreynsla er skilgreind sem sá tími er starfsmaður hefur unnið að verkefnum hjá Neytendastofu. Til viðmiðunar að lágmarki er:

- Eftir 1 árs starfsreynslu skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- Eftir 2 ára starfsreynslu skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.
- Eftir 3 ára starfsreynslu skal starfsmaður hækka um a.m.k. 1 launaflokk.

Við ráðningu starfsmanns er heimilt að víkja frá ofangreindu og meta starfsreynslu í hliðstæðum störfum óháð vinnustað sem telst nauðsynleg til að geta gegnt starfinu, t.d. störf við opinbera stjórnarsýslu strax til allt að 2 launaflokka og skal þess þá getið sérstaklega í ráðningarsamningi.

Handwritten notes and signatures in blue ink at the bottom right of the page, including a large signature and the text "G.A. 2" and "xsp.".

4.1.3 Hæfni og frammistaða

Við ákvörðun um mat á hæfni og frammistöðu starfsmanns skal m.a. taka tillit til eftirfarandi atriða:

- Eiginleika starfsmanns til samstarfs og umgengni,
- Samskipta við samstarfsmenn, hagsmuna- og samstarfsaðila innanlands og utan,
- Fagmennska, nákvæmni og áreiðanleika í störfum
- Áhuga og frumkvæði
- Sýnir góðan viðvarandi árangur í starfi
- Þátttaka í endur- og símenntun s.s. námskeið, námsdvöl við stofnanir, önnur skipulögð menntun á háskólastigi og þátttaka í fagráðstefnum

Ákvörðun um mat á hæfni samkvæmt framansögðu getur leitt til þess að röðun starfsmanna hækki um allt að 3 launaflokka fyrir hvert atriði. Við mat á frammistöðu og hæfni skal notað sameiginlegt matsblað starfsmanns og yfirmanns samkvæmt verklagsreglum Neytendastofu um framkvæmd launaviðtala.

4.2 Tímabundnir þættir

Starfsmaður sem tekur að sér tímabundið viðbótarábyrgð og / eða álag án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað vegna sérstakra tímabundinna verkefna getur óskað eftir launaflokkahækkunum vegna slíkra aukaverkefna. Endurmat fer reglulega fram til að meta árangur og frammistöðu, eða breytingar á því sbr. 6. gr.

4.3 Starfsbundnir þættir

4.3.1 Mat á starfi

Við röðun starfs í launaflokk umfram það sem fyrr er greint, skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar, allt að 1 launaflokk fyrir hvert atriði, en grunnröðun gefur tilefni til, svo sem ef:

- Kröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist
- Að starfinu fylgir að leiðbeina öðrum starfsmönnum
- Að starfinu fylgi ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- Að starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- Hæfni til samninga

Við mat á starfsbundnum þáttum skal notað sameiginlegt matsblað starfsmanns og yfirmanns samkvæmt verklagsreglum Neytendastofu um framkvæmd launaviðtala.

5.gr. Sérstök umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en kr. 30.000.- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 4 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstjóra og byggist á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.

6.gr. Endurmat launasetningar

Launasetning hvers starfsmanns skal sameiginlega yfirfarin árlega, 1. nóvember ár hvert, í framhaldi af starfsmannaviðtali og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til breytinga á samsetningu dagvinnulauna, sbr. 4. gr.

3
eA
KPB

7.gr. Hlutverk samstarfsnefndar



Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt ákvæðum í samkomulagi um breytingu á kjarasamningi fjármálaráðherra og FÍN frá 18. mars 2005. Samstarfsnefndin skal einnig semja um röðun starfa samkv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar skv. 11.2. grein kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra frá 26. júlí 2001.

8.gr. Gildistími og endurskoðun.




Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og skal endurskoðaður ef annar hvor aðili óskar þess.

Reykjavík, 8. janúar 2008

F.h. Neytendastofu


Magni Áulason

Helga S. Sigurðardóttir

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Magni Áulason

Friðþjófur Arnason

Lárus Árnason